



Fréttabréf

Naustaskóla

- Naustaskóli við Hólmatún - www.naustaskoli.is - agust@akureyri.is -

1. tölublað, 2. árgangur,

10. febrúar 2009

Ábygðarmaður: Ágúst Jakobsson

Væntanlegir nemendur:

Þeir nemendur sem hafa verið forskráðir í skólann skiptast þannig á árganga:

1. bekkur: 28 nemendur
2. bekkur: 23 nemendur
3. bekkur: 19 nemendur
4. bekkur: 12 nemendur
5. bekkur: 13 nemendur
6. bekkur: 15 nemendur
7. bekkur: 8 nemendur

Alls 118 nemendur

Áformað er að 1. bekkur verði í tveimur umsjónarhópum sem verði kennt að mestu leyti án blöndunar við aðra árganga nema hvað fram hafa komið hugmyndir um samstarf við elstu deildir leikskólans.

Gert er ráð fyrir að 2.-3. bekk verði kennt saman, þeir myndi 3 aldursblandaða umsjónarhópa og að jafnaði verði þar 2-3 kennarar við kennslu.

Í 4.-5. bekk og 6.-7. bekk er gert ráð fyrir fjórum umsjónarhópum alls og að 3-4 kennarar verði að jafnaði við kennslu þessara árganga.

Ágætu foreldrar/forráðamenn og nemendur

Nú stendur yfir innritun í grunnskóla Akureyrar fyrir næsta skólaár og hafa foreldrar frest til 26. febrúar til að innrita börn sín í skóla. Skila þarf innritun hvort heldur sem um er að ræða nemendur sem eru að hefja skólagöngu, eða eldri nemendur sem skipta um skóla. Því þarf að innrita alla nemendur í Naustaskóla á formlegan hátt. Þetta er gert með því að fylla út þar til gert form á vefsíðu skóladeildar Akureyrarbæjar. Nálgast má umsóknarformið með því að smella á hnapp á heimasíðu skólans eða í gegnum slóðina

http://skoladeildg.akureyri.is/umsokn_um_grunnskola/umsokn.htm

Segja má að undirbúningur fyrir starfsemi Naustaskóla sé á áætlun. Hvað húsnæðið varðar lauk uppsteypu í lok janúar, nú er verið að loka húsinu og vinna innandyra er við það að hefjast fyrir alvöru. Verktaki stefnir að því að skila skólanum þann 17. júlí. Unnið er að undirbúningi búnaðarkaupa og er stefnt að því að húsgögn í skólanum verði að miklu leyti smíðuð hér í bænum, þ.e. borð, hillur o.þ.h.

Stöður kennara og deildarstjóra við skólann hafa verið auglýstar og þegar þetta er skrifað hafa tæplega 30 umsóknir borist um störf. Umsóknarfrestur rennur út þann 26. febrúar og stefnt er að því að gengið verði frá ráðningum í þessi störf í byrjun marsmánaðar. Þegar því er lokið verða svo auglýst önnur störf við skólann, þ.e. störf skólaliða og starfsmanna í frístund, húsvardar, ritara o.fl. Gert er ráð fyrir að næsta vetur verði tæplega 20 starfsmenn við skólann. Á fundi skólaráðs nú nýverið var ákveðið að fulltrúar foreldra í skólaráði komi til með að hafa hönd í bagga með ráðningu starfsfólks en það er líklega í fyrsta skipti sem tilraun er gerð með slíkt hér í bæ.

Gert er ráð fyrir að íþróttir verði kenndar í Íþróttahúsinu við Laugagötu en sund í Sundlaug Akureyrar. Nemendum verður ekið í íþrótt- og sundkennslu. Þá hefur verið ákveðið að skóli muni hefjast kl. 8:15 að morgni.

Í skoðun er að mótuneyti Naustatjarnar muni sjá um matreiðslu fyrir Naustaskóla en enn er eftir að ganga frá nokkrum lausum endum áður en það verður fastákveðið.

Kynningar fyrir nemendur verða haldnar sem segir hér að neðan, því miður verður hins vegar ekki hægt að sýna húsnæðið að svo komnu máli vegna slyshættu en við bætum úr því þegar líður nær vori. Einnig geymum við kynningu fyrir nemendur tilvonandi 1. bekkjar þar til síðar.

Bestu kveðjur, Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Kynningarfundir fyrir nemendur:

(Foreldrar eru að sjálfsögðu hvattir til að koma með)

| Árgangar 1997-1998 | Árgangar 1999-2000 | Árgangar 2001-2002 |
|---|--|---|
| Kynning á Naustaskóla fyrir nemendur fædda 1997-1998 (verðandi 6.-7. bekkur) verður haldin í leikskólanum Naustatjörn þriðjudaginn 17. febrúar kl. 17:30. | Kynning á Naustaskóla fyrir nemendur fædda 1999-2000 (verðandi 4.-5. bekkur) verður haldin í leikskólanum Naustatjörn miðvikudaginn 18. febrúar kl. 17:30. | Kynning á Naustaskóla fyrir nemendur fædda 2001-2002 (verðandi 2.-3. bekkur) verður haldin í leikskólanum Naustatjörn fimmtudaginn 19. febrúar kl. 17:30. |

Fundirnir eru hugsaðir sem tækifæri fyrir nemendur til að sjást og upplifa sig í fyrsta sinn sem hóp en einnig til að þeir fái tækifæri til að spyrja spurninga um hvaðeina sem snertir skólann þeirra. Rétt er að ítreka að fundirnir eru einnig opnir þeim sem ekki eru forskráðir í skólann en hefðu áhuga á að kynna sér málin. Minnt verður á fundina með tölvupósti í hverjum árgangi þegar nær dregur.

Drög að stefnu Naustaskóla

Hlutverk:

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náninni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Framtíðarsýn:

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.

Áherslur skólans:

N ámsaðlögun
A thvarf
U mhyggja
S amvinna
T áþ og fjör
A llir með!
SKÓLI

Námsaðlögun

Markmið:

Skólinn mæti þörfum nemenda í námi
Nemendur verði sjálfstæðir og taki ábyrgð á námi sínu
Allir nemendur taki stöðugum framförum

Leiðir:

Einstaklingsáætlanir
Fjölbreyttar kennsluáferðir
Þemavinna - smíðjur - námsstöðvar - áhugasviðsvinna
Reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda
Markviss starfsþróun og endurmenntun starfsmanna

Athvarf

Markmið:

Nemendum líði vel í skólanum
Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi
Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins

Leiðir:

Vingjarnlegt og áhugavert umhverfi
Góður aðbúnaður og aðstaða
Góður og hollur matur
Vel menntað og vingjarnlegt starfsfólk
Gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu

Umhyggja og virðing

Markmið:

Samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju
Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

Leiðir:

Jákvæð agastefna – samstaða um gildi
Markviss notkun bekkjafunda
Aldursblöndun nemenda / sveigjanleg hópaskipting
Jafnréttisstefna / umhverfisstefna



Samvinna

Markmið:

Starfsmenn, foreldra og nemendur taki þátt í ákvörðunum
Foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna
Skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu

Leiðir:

Gott upplýsingastreymi
Skólaþing
Teymiskennsla
Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður
Foreldrar virkjaðir til þátttöku m.a. með reglulegum samskiptum, sameiginlegri markmiðssetningu og mati

Táp og fjör

Markmið:

Nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans
Að það sé gaman í skólanum
Skólinn stuðli að hreysti nemenda

Leiðir:

Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu
Nægileg hreyfing og útivera fyrir nemendur
Söngur og leikur ríkulegur þáttur í skólastarfinu

Allir með!

Í námi

Í starfi

Í leik

Í ákvörðunum